

SAMÞYKKT

um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Rangárþingi ytra.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Með samþykkt þessari kemur Rangárþing ytra á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Samþykkt þessi nær til allra fasteigna sem ekki hafa aðgang að fráveitukerfi sveitarfélagsins. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olúgildra. Rangárþing ytra annast losun og hirðu seyru og annarra botnfelliefna innan marka sveitarfélagsins. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn, eða fulltrúi hennar, heldur skrá yfir rotþrær og settanka. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilun starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðis- eftirlitsins.

2. gr.

Losun seyru og stefan skal að öllu jöfnu framkvæmd árlega frá skólum, heilbrigðis- stofnunum, matvælaframleiðslustöðum og veitinga- og gistiþjónustustöðum. Að jafnaði skal losað annað hvert ár frá heimilum og þriðja hvert ár frá sumarhúsum undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Rangárþing ytra sendir út tilkynningu árlega um hvenær losun seyru fari fram. Sér- hverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzyrna til að auk virkni rotþróa.

II. Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, til að standa undir kostnaði við hirðu á seyru og meðhöndlun. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyruhirðu eða rúmmál rotþróa. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli rotþróa og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega ekki vera hærri en nemur rökstuddum meðalkostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

5. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign eða rúmmáli rotþróa.

III. Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Rangárbings ytra staðfestist hér með skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. júlí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.